



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 27. janúar 2022

<p style="text-align: center;">Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla. Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Reglugerð KSÍ um sóttvarnir vegna æfinga, leikja og aðstöðu á leikvöllum og æfingasvæðum</p>

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 24. janúar sl. samþykkti stjórn eftirfarandi breytingar á reglugerðum KSÍ:

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

- a) Keppni E og F liða í 5. flokka karla bætt við.
- b) Keppni D liða í 4. flokki karla bætt við.
- c) Keppni C liða í 4. flokki kvenna bætt við.
- d) Ný ákvæði um bikarkeppni í 4. aldursflokki, karla og kvenna.
- e) Fjárhæðum gjalda og sekta breytt í samræmi við breytingar á gjaldskrá KSÍ.

Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál:

- a) Fjárhæð sektar í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsstig umfram 6 breytt í samræmi við breytingar á gjaldskrá KSÍ.
- b) Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla:
- a) Ákvæði um úrslitakeppni breytt til fyrra horfs, fjögurra liða úrslit.

Reglugerð KSÍ um deildarbikarkeppni karla:

- a) Fjögur lið leiki til úrslita í stað átta.

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

- a) Ákvæði VI. kafla um félagaskipti innanlands og Viðauka I um rafrænt félagaskipti KSÍ uppfærð í samræmi við breytt fyrirkomulag (frá og með sl. áramótum aðeins gengið frá félagaskiptum rafrænt).
- b) Ákvæði 23.5 fellt út.
- c) Breytingar á orðalagi 24. gr. til samræmis við framkvæmd.
- d) Fjárhæðum skráningargjalda breytt í samræmi við breytingar á gjaldskrá KSÍ.

Reglugerð KSÍ um sóttvarnir vegna æfinga, leikja og aðstöðu á leikvöllum og æfingasvæðum:

- a) Reglugerðin í heild uppfærð a.t.t. framkvæmdar í dag.

Hér að aftan er að finna yfirlit og samantekt yfir breytingarnar.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

15. gr.

Framkvæmd og skipulag leikja

- 15.7. Breyting á útgefni leikjaskrá varðandi leiktíma og leikstað er aðeins heimil að fenginni heimild mótanefndar. Komi félög sér saman um breytingar á leikdegi skal mótanefnd heimilt að samþykkja það. Ef leikaðilar breyta leiktíma og/eða leikstað, án samþykkis mótanefndar, getur hún ógilt leikinn. Mótanefnd er þó heimilt að láta úrslit leiksins standa ef að öðru leyti hefur verið farið eftir reglum KSÍ. Mótanefnd getur hins vegar hagað niðurröðun þannig á næsta ári, að viðkomandi félög missi einn heimaleik í sömu keppni og sama aldursflokki. Ef lið er svipt einum eða fleiri heimaleikjum skal það gert eftir töfluröð. Óskir um breytingar á útgefni leikjaskrá skulu berast mótanefnd á þar til gerðu eyðublaði, útgefni af mótanefnd. Sérstakt breytingagjald skal innheimt ef ósk um breytingu á leik berst innan við 7 daga fyrir leikdag. Gjald þetta er kr. ~~2.000~~ **3.000.-** í yngri aldursflokki en kr. ~~15.000~~ **17.500.-** í meistaraflokki. Ekki er innheimt gjald ef ósk um breytingu er nauðsynleg vegna verkefna landsliða eða annarra óviðráðanlegra orsaka. Mótanefnd er heimilt að setja nánari reglur um verklag og skulu þær koma fram á eyðublaði nefndarinnar. Félag geta óskað eftir breytingum á leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna ef leikir U17 ára eða eldri landsliða verða til þess að leikmaður eða leikmenn viðkomandi félags geti ekki leikið með félagsliðum sínum. Mótanefnd skal verða við ósk um breytingu enda sé hún rökstudd og henni verður viðkomandi.

26.gr.

4. flokkur karla

- 26.1.11 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokks D liða er ber nafnið 4. flokkur D. Leitast skal við að D liðin leiki við sömu andstæðinga og C liðin. Útkoma liða í 4. flokki D hefur engin áhrif á 4. flokk C. Úrslitakeppni 4. flokks D fer fram skv. ákvörðun mótanefndar. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

26.2 Bikarkeppni KSÍ

- 26.2.1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

- 26.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.

- 26.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.

- 26.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

- 26.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

27.gr.
5. flokkur karla

27.1.3 Keppni fer fram í A, B, C og D, E og F liðum.

27.1.6 Leitast skal við að B, C og D, E og F lið leiki í sama riðli og A lið.

27.1.10 Eftir svæðakeppni skal fara fram úrslitakeppni A-, B-, C-, D-, E- og F-liða um Íslandsmeistaratítilinn skv. ákvörðun mótanefndar KSÍ.

27.1.11 Leikmaður getur aðeins verið hlutgengur með einu liði (A, B, C, D, E eða F) sama leikdaginn. Þegar félag er með tvö A og B lið í móti gildir: Leikmanni, sem leikið hefur með liði 1 (A eða B lið), er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 2 þar á eftir.

Leikmaður getur aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A, B, C, D, E eða F) í úrslitakeppni og skal almennt miða við að leikjahæstu leikmenn hvers liðs fyrir sig í riðlakeppni leiki einnig fyrir viðkomandi lið félagsins í úrslitakeppni. Eftirfarandi takmörkunum skal fylgt: Sjö leikjahæstu leikmenn A liðs (að því jöfnu þeir sem eru oftast í byrjunarliði) eru ekki hlutgengir með B liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A liðs og 7 leikjahæstu leikmenn B liðs eru ekki hlutgengir með C liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A og B liðs og 7 leikjahæstu leikmenn C liðs eru ekki hlutgengir með D liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A, B, C liðs og 7 leikjahæstu leikmenn D liðs eru ekki hlutgengir með E liði í úrslitakeppni. Átta leikjahæstu leikmenn A, B, C, D liðs og 7 leikjahæstu leikmenn E liðs eru ekki hlutgengir með F liði í úrslitakeppni.

32.gr.
4. flokkur kvenna

32.1.9 Einnig skal vera sjálfstæð keppni meðal 4. aldursflokks C liða er ber nafnið 4. flokkur C. Leitast skal við að C liðin leiki við sömu andstæðinga og B liðin. Útkoma liða í 4. flokki C hefur engin áhrif á 4. flokk B. Úrslitakeppni 4. flokks C fer fram skv. ákvörðun mótanefndar. Leikmenn sem leikið hafa í A-liði í eldri aldursflokki eru óhlutgengir.

32.2 Bikarkeppni KSÍ

32.2.1 Þátttaka í Bikarkeppni KSÍ er heimil öllum aðildarfélögum KSÍ.

32.2.2 Hverju félagi er heimilt að senda eitt lið til keppni.

32.2.3 Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrirkomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Það lið, sem á undan er dregið, skal leika á heimavelli. Við niðurröðun er mótanefnd heimilt að taka tillit til styrkleika liða, landsvæða og ferðakostnaðar.

32.2.4 Í keppninni skal leikið til þrautar. Sé jafnt eftir venjulegan leiktíma skal framlengt og sé enn jafnt skal fara fram vítaspyrnukeppni.

32.2.5 Ferðakostnaður (fargjald fyrir 18 manns) greiðist að jöfnu af báðum leikaðilum enda skal hagkvæmni gætt í ferðakostnaði.

36. gr.
Ólöglega skipað lið

36.1. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. ~~50.000~~ 75.000. Félag, sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni, skal sæta sektum að upphæð allt að kr. 300.000 sé brotið framið í meistaraflokki. Sé brotið framið í öðrum flokkum skal sektin vera allt að kr. 50.000.

37. gr.
Sektir

- 37.3. Lið, sem ekki mætir til leiks skal greiða allan kostnað af leiknum vegna dómara, vallar, auglýsinga og ferðalaga mótaðilans og greiða þar að auki bætur til mótaðila sem nemi 50% af ferðakostnaði til viðkomandi leikstaðar, en þó aldrei lægri upphæð en kr. 30.000. Sé um að ræða leik í keppni 11 manna liða skal upphæðin nema fullum ferðakostnaði fyrir 18 manns til viðkomandi leikstaðar, auk þess sekt til KSÍ að upphæð kr. ~~130.000~~ 140.000 í meistaraflokki en kr. ~~30.000~~ 35.000 í öðrum flokkum. KSÍ skal annast alla innheimtu samkvæmt þessari grein.
- 37.5. Lið, sem dregur sig út úr móti fyrir 10. apríl, skal sæta sekt að upphæð kr. ~~20.000~~ 25.000 í meistaraflokki og kr. ~~10.000~~ 15.000 í öðrum flokkum. Frá og með 10. apríl og þar til keppni hefst eru sambærilegar sektir kr. ~~75.000~~ 80.000 í meistaraflokki og kr. ~~30.000~~ 35.000 í öðrum flokkum
- 37.7 Vanræksla á skráningu úrslita í gagnagrunn KSÍ varðar sektum, kr. 200 á leik. Vanræksla á skráningu upplýsinga á leikskýrslu í gagnagrunn KSÍ varðar dagsektum, kr. ~~100~~ 150 á dag. Vanræksla á skilum á leikskýrslum varðar dagsektum, kr. ~~100~~ 150 á dag.
- 37.8. Vanræki aðildarfélag að senda skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld innan tilskilins frests, getur mótanefnd beitt dagsektum, kr. ~~100~~ 150 á dag.

Greinargerð/Samantekt:

Á fundi stjórnar KSÍ þann 14. desember 2021 samþykkti stjórn tillögu mótanefndar KSÍ um að bætt yrði við keppni eftirfarandi liða, en tillagan var sett fram með það fyrir augum að auka möguleika félaga að tilkynna lið í styrkleikaflokki þar sem andstæðingar eru sem jafnastir að getu:

- Keppni E og F liða í 5. flokki karla
- Keppni C liða í 4. flokki kvenna
- Keppni D liða í 4. flokki karla

Jafnframt samþykkti stjórn tillögu mótanefndar KSÍ að sett yrði á fót ný bikarkeppni 4. flokks karla og kvenna, með það fyrir augum að öll mót KSÍ í 11 manna bolta bjóði upp á bikarkeppnisformið og fjölga leikjum í þessum aldursflokki.

Þá samþykkti stjórn KSÍ á fundi stjórnar þann 13. janúar 2022 breytingar á ýmsum þáttum í gjaldskrá KSÍ, m.a. hvað varðar breytingargjöld og ýmsar sektir vegna ólölega skipaðs liðs, þegar lið mæta ekki til keppni o.fl.

Hefur reglugerð um knattspyrnumót verið uppfærð til samræmis við ofangreint.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um aga- og úrskurðarmál

12. gr.

Viðurlög við agabrotum

- 12.9 Til viðbótar fyrrnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:
- b) Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað um kr. ~~3.000~~ 4.000 í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. 2.000 fyrir leiki í öðrum flokkum.

Greinargerð/Samantekt:

Á fundi stjórnar KSÍ þann 13. janúar 2022 samþykkti stjórn breytingar á ýmsum þáttum í gjaldskrá KSÍ, m.a. hvað varðar ýmsar sektir vegna agamála.

Hefur reglugerð um aga- og úrskurðarmál verið uppfærð til samræmis við ofangreint.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um deildarbikarkeppni karla

12. gr.

Viðurlög við agabrotum

- 2.5 Í undankeppni A-deildar skal 24 liðum skipt í 4 riðla, R1, R2, R3 og R4. Hver riðill skal skipaður 6 liðum og skulu þeir vera sem jafnastir og þáttökulið dregin í riðla eftir styrkleika. Keppnin er stigakeppni og ~~2-efstu liðin~~ **efsta lið** í hverjum riðli ~~vinna~~ sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni, alls ~~8~~ 4 lið.
- 2.6 Í úrslitakeppni A-deildar taka þátt ~~48~~ 48 lið; ~~1R1, 2R1, 1R2, 2R2, 1R3, 2R3, 1R4 og 2R4.~~ **1R1, 1R2, 1R3 og 1R4.** Í 8-liða úrslitum mætast: ~~1R1-2R2, 1R2-2R3, 1R3-2R4 og 1R4-2R1.~~
Í undanúrslitum mætast: ~~1R1/2R2-1R3/2R4 og 1R2/2R3-1R4/2R1~~ **1R1-1R3 og 1R2-1R4** og skal leikið á heimavelli þess félags sem er með betri árangur í riðlakeppni mótsins.
Sigurvegarar í undanúrslitum leika til úrslita í A-deild.
Sigurvegari í úrslitaleik A-deildar telst Deildarbikarmeistari KSÍ.

Greinargerð/Samantekt:

Í febrúar 2021 samþykkti stjórn KSÍ að breyta reglugerð um deildarbikarkeppni karla, á grundvelli tillaga sem unnar voru af Mótanefnd KSÍ, þar sem lagt var til að í úrslitakeppni A deildar karla taki þátt átta lið í stað fjögurra liða, líkt og verið hafði undanfarin ár. Ljóst þykir að ekki sé nægur tími aflögu keppnistímabilið 2022 til að átta lið spili til úrslita í deildarbikarkeppni karla og hefur ákvæðum

reglugerðarinnar þ.a.l. verið breytt aftur í fyrra horf þannig að efsta lið í hverjum riðli vinni sér rétt til þátttöku í úrslitakeppni og þar leiki því alls fjögur lið í stað átta.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

13. gr. *Gjald fyrir skráningu*

13.1 Greiða skal KSÍ gjald vegna skráningar samnings. Gjaldið skal vera kr. ~~2.000,-~~ **3.000,-**.

VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS

20. gr. *Tilkynning, keppnisleyfi o.fl.*

20.1. Tilkynning um félagaskipti er jafnframt yfirlýsing um, að allir undirritaðir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. **Beiðni um félagaskipti innanlands fer í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ í samræmi við reglur Viðauka I við reglugerð þessa. Með því að setja fram beiðni um félagaskipti og með því að samþykkja slíka beiðni eru viðkomandi aðilar jafnframt að lýsa yfir að þeir skuldbindi sig til að hlíta gildandi lögum KSÍ, UEFA og FIFA og reglugerð þessari. Á tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala leikmanns og upplýsingar um hvort hann hefur verið samningsbundinn á undanförunum 3 árum og þá hvar, hvernig og hvenær hann var það síðast, félags þess sem hann er í, félags þess sem hann óskar eftir að ganga í, dagsetning tilkynningarinnar og staðfesting þessara þriggja aðila með undirritun. **Við félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára þarf jafnframt að fylgja undirritun forráðamanns leikmannsins.** KSÍ skal útbúa og leggja til eyðublað og/eða aðferð til tilkynningar um félagaskipti. Félög eða félagsdeildir verða við félagaskipti eingöngu skuldbundin af framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum eða þeim aðila sem félagið veitir slíkt umboð.**

20.2. ~~Með staðfestingu sinni tilkynningu um félagaskipti lýsir;~~

- ~~leikmaður yfir að hann óski eftir að ganga úr því félagi, sem hann er í og yfir í nýja félagið. Ef samningur er enn í gildi milli leikmanns og félags lýsir leikmaðurinn yfir því að félagið hafi verið leyst frá honum.~~
- ~~félag leikmannsins yfir að leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið. Ef samningur er enn í gildi milli leikmanns og félags lýsir félagið yfir því að leikmaðurinn hafi verið leystur frá honum. Jafnframt lýsir félagið yfir því að gengið hafi verið frá greiðslu félagaskiptagjalds, sem krafa hefur myndast um við sjálf félagaskiptin, eða samið hafi verið um það.~~
- ~~nýja félag leikmannsins yfir að það samþykki inngöngu leikmanns í félagið og lofar jafnframt að standa fyrra félagi hans og/eða þeim öðrum félögum sem kröfu eiga á félagaskiptagjaldi skil á því innan eins mánaðar frá því að slík krafa myndast, enda hafi ekki verið um annað samið milli félaganna.~~

- 20.3. Þegar ~~beiðni tilkynning~~ um félagaskipti er fullfrágengin í félagaskiptakerfi KSÍ, ~~undirrituð af leikmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í~~, auk þess sem skráningargjald er greitt, skal skrifstofa KSÍ staðfesta félagaskiptin og gefa út keppnisleyfi til hins nýja félags, í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar, m.a. gr. 20.5 og gr. 3.1.5 við viðauka I við reglugerð þessa sem tekur gildi með nýju félagi næsta dag eftir að öllum ofangreindum formsatriðum hefur verið fullnægt.
- 20.3.1. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 16 ára og eldri innanlands skal vera kr. ~~2.000,-~~ 3.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 16 ára innanlands skal vera kr. ~~1.000,-~~ 1.500,-.
- 20.3.2. Skráningargjald félagaskipta leikmanna 18 ára og eldri úr erlendu félagi hingað til lands skal vera kr. 5.000,-. Skráningargjald félagaskipta leikmanna yngri en 18 ára úr erlendu félagi hingað til lands (FIFA Minor transfer) skal vera kr. 10.000,-.
- 20.3.3. Skráningargjald, skv. gr. 20.3.1., skal falla niður sé um að ræða félagaskipti leikmanns á milli félaga sem tefla fram sameiginlegu keppnisliði í 2. flokki karla og/eða kvenna.
- 20.4. Félag sem er í skuld við KSÍ miðað við síðustu áramót vegna skráningargjalds, skv. grein 20.3., geta verið svipt rétti til félagaskipta tímabundið af framkvæmdastjóra KSÍ þar til skuld er gerð upp að fullu, þó að því tilskildu að félaginu hafi verið tilkynnt skriflega um vanskil þar sem félaginu eru gefnir a.m.k. 10 dagar til að uppfylla fjárhagslegar skuldbindingar sínar að fullu svo ekki komi til sviptingar á rétti til félagaskipta tímabundið. Tilkynning um sviptingu á rétti til félagaskipta og aflétting á slíku banni skal vera skrifleg.
- 20.5. Almennt skal gilda, að leikmaður fær keppnisleyfi frá og með tilteknum degi hafi fullfrágengin ~~tilkynning um beiðni um félagaskipti~~ verið fullfrágengin í samræmi við reglugerð þessa og Viðauka I við reglugerðina ~~borist til skrifstofu KSÍ~~ fyrir miðnætti daginn áður, en þó verður beiðni sem gengið er frá að fullu ~~verður tilkynning sem berst~~ um helgi eða á frídegi að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi. ~~Berist tilkynning um félagaskipti undirrituð af leikmanni og félagi sem gengið er í~~ Hafi beiðni um félagaskipti verið stofnuð og undirrituðu samþykki leikmanns, og eftir atvikum forráðamanns, hlaðið upp í félagaskiptakerfi KSÍ fyrir miðnætti á lokadegi félagaskiptatímabils skal íslensku félagi sem gengið er úr gefinn einn virkur dagur til að ganga frá félagaskiptunum með staðfestingu sinni í kerfinu ~~undirritun~~. Keppnisleyfi með nýju félagi getur því tekið gildi í slíkum tilfellum nokkrum dögum eftir að félagaskiptatímabili lýkur en við útgáfu slíks keppnisleyfis ber að gæta þess að a.m.k. tveir dagar líði á milli leikja hjá leikmanninum. Þegar félagið sem gengið er úr er erlent skulu reglur FIFA gilda og getur keppnisleyfi verið gefið út allt að 7 dögum frá lokadegi félagaskiptatímabils.
- 20.6. Leikmaður getur ekki dregið félagaskipti til baka eftir að hann er orðinn hlutgengur með nýja félaginu, eða eftir að hann hefur skrifað undir samning við nýja félagið.
- 20.7. Skrifstofa KSÍ hefur heimild til að seinka útgáfu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskiptanna hafi verið sá að viðkomandi leikmaður komist hjá því að taka út leikbann, sem hann hefur áður verið úrskurðaður í.
- 20.8. Ef félag, sem leikmaður gengur úr, vill ekki staðfesta félagaskipti hans, þrátt fyrir að hann hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu, er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi fyrir leikmanninn að undangengnum árangurslausum sáttatilraunum milli félaganna. Í slíkum málum við lok félagaskiptatímabils er framkvæmdastjóra KSÍ heimilt að gefa út keppnisleyfi tveimur virkum dögum eftir að skrifleg beiðni berst en hún skal hafa borist fyrir lok félagaskiptatímabilsins. Í því tilfelli að um ósamningsbundinn leikmann er að ræða getur félag leikmanns aðeins gert kröfu um skil á félags og æfingagjöldum, og aðeins ef það hefur verið innheimt af öðrum í sama flokki. Samninga- og félagaskiptanefnd er heimilt að beita félagið viðurlögum ef það neitar að staðfesta félagaskipti leikmanns án nokkurra gildra ástæðna.

21. gr.
Tímabundin félagaskipti

- 21.1. Félagi er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti til annars félags fyrir leikmann sem er á leikmannssamningi samkvæmt reglum KSÍ.
- 21.2. **Beiðni um tímabundin félagaskipti innanlands fer í gegnum rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ í samræmi við reglur Viðauka I við reglugerð þessa. Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á eyðublað útgefið af skrifstofu KSÍ (Tilkynning um tímabundin félagaskipti) og undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum. Á tilkynningunni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal snúa til samningsfélags síns. Leikmaðurinn skal fá keppnisleyfi með nýja félaginu degi eftir að tilkynningin hefur verið móttækin og skráningargjald greitt. Leikmaðurinn fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskipta eða næsta virka dag þar á eftir.**
- 21.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er á milli tveggja félagaskiptatímabila. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu eftir lok síðara félagaskiptatímabils ár hvert fær útgefið keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils ~~16. október~~ sama ár og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera **12 mánuðir til loka keppnistímabils sama ár og gengið er frá tímabundnum félagaskiptum** en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Í slíku tilfalli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.
- 21.4. Félög, sem semja um tímabundin félagaskipti leikmanns, skulu gera um það skriflegan samning þar sem fram koma kvaðir félaganna og hlutur leikmanns og skal hann undirritaður af báðum félögum, leikmanni og forráðamanni ef við á. Komi til vanefnda af hálfu félags sem fær til sín leikmann með tímabundnum félagaskiptum skal samningsfélag leikmanns ábyrgt fyrir efdum á leikmannssamningi hans. Brot á ákvæðum þessum skal fara með skv. kafla IX í reglugerð þessari.

23. gr.
Félagaskiptagjald

- ~~23.5. Þegar leikmaður skiptir um félag milli félaga innanlands, skal skráningargjald fylgja tilkynningu um félagaskipti til skrifstofu KSÍ. Sama gjald greiðist við félagaskipti til landsins.~~

VII. KAFLI. FÉLAGASKIPTI LEIKMANNA MILLI LANDA

24. gr.
Almenn ákvæði

- 24.7. **Við félagaskipti erlends leikmanns sem kemur frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum í íslenskt félag skal beiðni um félagaskipti fylgja staðfesting** Við félagaskipti leikmanns úr erlendu félagi í íslenskt félag skal senda skrifstofu KSÍ tilkynningu um félagaskipti. Sé um að ræða erlendan leikmann frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum skal tilkynningunni fylgja staðfesting frá Útlendingastofnun og/eða Vinnuálastofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins á Íslandi. **Tilkynningar Beiðnir** um félagaskipti erlendra leikmanna utan þess svæðis en að ofan greinir eru ekki teknar til greina nema umrædd staðfesting liggja fyrir. Í kjölfar þess óskar KSÍ eftir alþjóðlegu flutningsskírteini frá knattspyrnusambandi erlenda félagsins. Þá skal íslenska félagið greiða skráningargjald.

VIÐAUKI I

Rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ

1. gr.

Gildissvið

~~1.3. Frá og með árinu 2022 verða félagaskipti milli aðildarfélaga KSÍ aðeins afgreidd í gegnum rafræna félagaskiptakerfið. Afgreiðsla félagaskipta á grundvelli þar til gerðra staðlaðra eyðublaða gefnum út af skrifstofu KSÍ verður hætt í lok árs 2021. Þar af leiðandi munu ákvæði í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna sem snúa að afgreiðslu félagaskipta á þar til gerðu eyðublaði falla úr gildi þann 31.12.2021.~~

3. gr.

Ferill félagaskipta innanlands

3.2. Sérreglur um feril rafrænna félagaskipta samningsbundinna leikmanna:

3.2.1. Ef samningur (leikmannssamningur eða sambandssamningur) er í gildi á milli leikmanns og fyrra félags þegar félagaskiptabeiðni er stofnuð hefur félagaskiptabeiðni nýja félagsins í för með sér beiðni um lausn leikmanns undan samningi hjá fyrra félagi.

3.2.2. Nýja félagið skal hafa sannanlega aflað skriflegs umboðs eða samþykkis hjá leikmanni, og eftir atvikum forráðamanni, fyrir því að ganga í hið nýja félag og fyrir ósk leikmanns að losna undan samningi hjá fyrra félagi. Sannanlegt umboð eða samþykki frá leikmanni þarf að vera óþvingað, þ.e. veitt af fúsum og frjálsum vilja og þarf um leið að vera rekjanlegt til viðkomandi leikmanns. Skriflegu umboði eða samþykki skal hlaðið upp í rafræna félagaskiptakerfið þegar beiðni er stofnuð.

3.2.3. Með staðfestingu frá fyrra félagi á afgreiðslu félagaskipta samþykkir félagið jafnframt að leikmaður hafi fullnægt öllum skuldbindingum sínum gagnvart félaginu og sé heimilt að skipta yfir í nýja félagið. Ef samningur er í gildi milli leikmanns og fyrra félags lýsir félagið því yfir að leikmaðurinn hafi verið leystur frá samningnum.

3.2.4. Með staðfestingu samþykkir nýja félag leikmannsins inngöngu leikmanns í félagið og lofar jafnframt að standa skil á félagaskiptagjaldi/félagaskiptabótum og/eða uppeldis-/samstöðubótum skv. reglugerð FIFA gagnvart fyrra félagi hans og/eða þeim öðrum félögum sem kröfu eiga á því, innan eins mánaðar frá því að slík krafa myndast, enda hafi ekki verið um annað samið milli félaganna.

3.2.5. Hafi hið nýja félag og fyrra félag samið um greiðslu vegna félagaskipta leikmanns skal greina frá umsaminni fjárhæð og umsömdum gjalddaga/gjalddögum greiðslu ef við á áður en gengið er endanlega frá félagaskiptabeiðni. Hafi skriflegur samningur verið gerður um félagaskipti skal hið nýja félag jafnframt hlaða upp afriti af undirrituðum samningi í rafræna félagaskiptakerfið. Samþykki fyrra félags á félagaskiptum þar sem nýja félagið hefur greint frá greiðslu fyrir félagaskiptin, en ekki hlaðið upp samningi þar um, skal fela í sér bindandi samkomulag á milli félaganna um fjárhæð greiðslu fyrir félagaskiptin. Slíkt samkomulag skal vera óháð greiðslu hvers konar félagaskiptabóta skv. reglugerðum KSÍ, uppeldisbóta FIFA eða samstöðubóta FIFA sem til getur komið til viðbótar við greiðslu fyrir félagaskipti nema samið hafi verið um annað.

Greinargerð/Samantekt:

Á fundi stjórnar KSÍ þann 18. febrúar 2021 samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, þar sem samþykktur var viðauki við reglugerðina um rafrænt félagaskiptakerfi innanlands.

Rafræna félagaskiptakerfið var tekið í notkun á vormánuðum 2021 og höfðu aðildarfélög tækifæri til þess að læra á kerfið og nýja útfærslu á afgreiðslu félagaskipta út árið 2021, en á sama tíma var jafnframt, ef þess var óskað af hálfu félaga, tekið við skriflegum beiðnum um félagaskipti á þar til gerðum stöðluðum eyðublöðum útgefnum af skrifstofu KSÍ.

Líkt og kveðið var á um í ákvæði 1.3 í viðauka I við reglugerðina verða félagaskipti milli aðildarfélaga KSÍ, frá og með árinu 2022, aðeins afgreidd í gegnum rafræna félagaskiptakerfið. Afgreiðsla félagaskipta á grundvelli þar til gerðra staðlaðra eyðublaða gefnum út af skrifstofu KSÍ var hætt í lok árs 2021. Var því ráð fyrir því gert í viðaukanum að ákvæði í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna sem snúa að afgreiðslu félagaskipta á þar til gerðu eyðublaði féllu úr gildi þann 31.12.2021.

Ofangreindar breytingar eru gerðar með það fyrir augum að tiltekin ákvæði um félagaskipti verði uppfærð til samræmis við nýtt fyrirkomulag við afgreiðslu félagaskipta innanlands og viðauka I um rafrænt félagaskiptakerfi KSÍ og það að ekki eru lengur afgreiddar beiðnir um félagaskipti sem berast á þar til gerðu eyðublaði.

Einnig var samþykkt að fella grein 23.5 út úr reglugerðinni, annars vegar þar sem þegar er kveðið á um greiðslu skráningargjald og fjárhæð þess í grein 20.3 og hins vegar þar sem efni greinarinnar gengur í berhögg við grein 20.3, þar sem kveðið er á um að skráningargjald innlendra félagaskipta sé annað en skráningargjald vegna erlendra félagaskipta.

Jafnframt var orðalag 24. gr. uppfært til samræmis gildandi lögum og reglum í landinu og framkvæmd. Fyrir breytingu tók ákvæðið, samkvæmt orðanna hljóðan, aðeins til félagaskipta erlends leikmanns frá öðrum löndum en innan EES, Grænlands og Færeyjum sem skiptir úr erlendu félagi í íslenskt félag. Sú regla sem kveðið er á um í 24. gr. tekur á hinn bóginn einnig til þessara leikmanna þó um sé að ræða félagaskipti innanlands, þ.e. til þess að fá keppnisleyfi með nýju íslensku félagi þarf að skila inn þar til gerðum staðfestingum frá Útlendingastofnun og/eða Vinnumálastofnun á dvalar- og atvinnuleyfi leikmannsins á Íslandi, enda dvalar- og atvinnuleyfi bundið við atvinnurekanda (iþróttafélag).

Þá samþykkti stjórn KSÍ á fundi stjórnar þann 13. janúar 2022 breytingar á ýmsum þáttum í gjaldskrá KSÍ, m.a. hvað varðar skráningargjöld vegna skráninga leikmannasamninga og félagaskipta innanlands.

Hefur reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga verið uppfærð til samræmis við ofangreint.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ

um sóttvarnir vegna æfinga, leikja og aðstöðu á leikvöllum og æfingasvæðum

1. gr.

Gildissvið og tilgangur

- 1.1. Ákvæði reglugerðar þessarar gilda **um æfingar aðildarfélaga KSÍ og keppnisleiki sem teljast hluti af skipulögðu mótahaldi á vegum KSÍ Íslandsmót og bikarkeppni í meistaraflokki, 2. flokki og 3. flokki karla og kvenna keppnistímabilið 2020**. Markmið þessara reglna er að tryggja að umgjörð og framkvæmd knattspyrnuleikja og æfinga, sem eiga undir reglugerð þessa, standist kröfur um sóttvarnir sem aftur tryggi að skilyrði sóttvarnaryfirvalda fyrir framkvæmd æfinga og leikja verði uppfyllt.
- 1.2. ~~Reglur þessar ná~~ **Reglugerð þessi nær** til keppnissvæða, æfingaaðstöðu, búningsaðstöðu, ferðalaga og leggja ekki síst áherslu á mikilvægi almennrar aðgæslu allra þátttakenda í knattspyrnu á Íslandi.

2.gr.

Sóttvarnarfulltrúi

- 2.1. Öll félög sem taka þátt í **skipulögðu mótahaldi á vegum KSÍ Íslandsmóti og bikarkeppni** samkvæmt grein 1.1. skulu skipa sérstakan sóttvarnarfulltrúa sem hefur eftirlit með því að farið sé eftir þeim reglum **sem kveðið er á um í reglugerð þessari og koma fram í reglum settum á grundvelli hennar** ~~tilgreindar eru í fylgiskjali A með reglugerð þessari~~. Það er jafnframt hlutverk sóttvarnarfulltrúa að sjá til þess að aðilar á vegum viðkomandi félags, sem koma að undirbúningi og framkvæmd leikja og æfinga og aðrir aðilar sem reglur KSÍ um sóttvarnir vegna COVID-19 taka til, séu meðvitaðir um þessar reglur.
- 2.2. Sóttvarnarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að leikmenn, þjálfarar og allt annað starfsfólk liða þekki og fylgi þeim reglum **sem settar eru á grundvelli reglugerðar þessarar**, ~~sem tilgreindar eru í fylgiskjali A með reglugerð þessari~~, sem og öðrum helstu sóttvarnaaðgerðum og sóttvarnarreglum.
- 2.3. Sóttvarnarfulltrúi hefur eftirlit með því að allir fyrrnefndir aðilar þekki til helstu einkenna COVID-19.
- 2.4. Leikmanni eða starfsmanni liðs, sem sýnir vísbendingar um að hann/hún sé með COVID-19 (finnur fyrir einkennum COVID-19) og/eða greinist með COVID-19 er óheimilt að umgangast liðsfélaga sína og annað starfsfólk liðsins. Sóttvarnarfulltrúa ber að tryggja að skilyrði þessu sé fylgt án nokkurra undantekninga.
- 2.5. Sóttvarnarfulltrúi skal halda gátlista þar sem tilgreint er að undirbúningur og framkvæmd leikja og æfinga hafi farið fram í samræmi við reglur KSÍ um sóttvarnir. Heimilt er að skipa sóttvarnarteymi innan félags sem verði sóttvarnarfulltrúa til aðstoðar.
- 2.6. Sóttvarnarfulltrúi og eftir atvikum sóttvarnarteymi skal ekki hafa önnur hlutverk í tengslum við framkvæmd knattspyrnuleikja.

3.gr.

Sóttvarnarreglur

- 3.1. **KSÍ gefur út og birtir á heimasíðu sinni sóttvarnarreglur varðandi framkvæmd æfinga og keppni, í samræmi við gildandi samkomutakmarkanir og þær almennu sóttvarnaaðgerðir sem gerð er krafa um að fylgt sé af hálfu sóttvarnaryfirvalda og ÍSÍ. Í reglunum eru** ~~í fylgiskjali A með reglugerð þessari~~ **er tilgreindar reglur og verkferlar sem öllum sem koma að undirbúningi og framkvæmd leikja og æfinga er skylt að fylgja í hvívetna. Reglurnar skulu teljast** ~~er~~ **hluti af reglugerð þessari.**
- 3.2. Reglur þessar ~~(fylgiskjal A)~~ fela m.a. í sér aðskilnað hópa eftir því sem nauðsyn krefur, t.d. leikmanna og þjálfara frá almennu starfsfólki félaga og ítarlegri aðskilnað fjölmiðla frá öðrum þátttakendum leiksins heldur en áður. Auk þess fela reglurnar ~~(fylgiskjal A)~~ í sér ítarlegri leiðbeiningar og skyldu um almenna sótthreinsun búningsklefa og búnaðar sem notaður er í keppni og á æfingum en áður hefur verið hér á landi.

4.gr.

Viðurlög

- 4.1. Verði félag eða aðili tengdur framkvæmd leikja uppvís að því að brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og/eða reglum **KSÍ varðandi framkvæmd æfinga og keppni, eins og þær eru hverju sinni í fylgiskjali A**, er aga- og úrskurðarnefnd KSÍ heimilt að beita viðkomandi félagi viðurlögum, skv. 40. grein laga KSÍ og/eða öðrum viðurlögum er lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi félags.
- 4.2. Framkvæmdastjóri KSÍ og eftirlitsmenn leikja geta vísað málum til aga- og úrskurðarnefndar vegna meintra brota á reglugerð þessari og/eða reglum **í fylgiskjali A KSÍ varðandi framkvæmd æfinga og keppni**. Framkvæmdastjóri KSÍ og eftirlitsmenn skulu skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings.

5.gr.

Gildistími

- 5.1. Reglugerð þessi og reglur settar á grundvelli þeirra **í fylgiskjali A** gilda á meðan takmarkanir heilbrigðisyfirvalda eru í gildi.

Greinargerð/Samantekt:

Þann 13. ágúst 2020 samþykkti stjórn KSÍ nýja reglugerð um sóttvarnir vegna æfinga, leikja og aðstöðu á leikvöllum og æfingasvæðum. Frá þeim tíma hafa ýmsar breytingar átt sér stað og er með ofangreindum breytingum orðalag reglugerðarinnar uppfært til samræmis við framkvæmdina eins og hún er í dag, en KSÍ gefur reglulega út uppfærðar reglur á heimasíðu sinni um varðandi framkvæmd æfinga og keppni, sem tekur til allra aldurshópa. Þær reglur standa sér en eiga sér stoð í reglugerð þessari.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Kolbrún Arnardóttir

Kolbrún Arnardóttir,
lögfræðingur hjá KSÍ